

Föstudaginn 29. marz 1935.

Nr. 189/1934. **Pétur Ketilsson**

gegn

firmanu Á. Einarsson & Funk.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Stefnandi, Pétur Ketilsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 1. apríl 1935.

Nr. 12/1935. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Einari Pálma Einarssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Brot g. 10. gr. laga 51/1928.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. dez. 1934: Ákærði, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í 3 mánuði og 500 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Gegn neitun ákærða, þykir það ekki fyllilega sannað, að hann hafi haft í vörslum sínum flösku með áfengislög yfir lögleyfðu marki að styrkleika

kveldið 27. okt. f. á., er einn lögregluþjóna bæjarins tók hann fastan. Verður því að sýkna ákærða af kæru fyrir brot á lögum nr. 64/1930 í máli þessu.

Þar á móti verður að telja, að ákærða hafi ekki tekizt að gera grein fyrir því, af hverju hann hafi undanfarið haft framfæri sitt, og að hann hafi því gerzt brotlegur við 10. gr. laga nr. 51/1928, eins og talið er í hinum áfrýjaða dómi. Þykir refsing ákærða fyrir brot þetta hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Einar Pálmi Einarsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:
Mál þetta er höfðað gegn Einari Pálma Einarssyni,

atvinnulausum verkamanni, til heimilis á Norðurstíg 3, af réttvisinnar hálfu fyrir brot gegn lögum nr. 51, 1928, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 3. apríl 1898 að Kirkjubrú í Bessastaðahreppi.

Hann hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu sem nú skal greina.

- 1) 15. sept. 1929 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 2) 20. marz 1930 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 3) 14. júní 1930 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 4) 15. ágúst 1930 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 5) 14. maí 1931 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 6) 30. ágúst 1931 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 7) 14. júní 1933 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 8) 9. marz 1934 dæmdur í 20 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
- 9) 19. júní 1934 sektaður um 500 krónur fyrir áfengissölu.
- 10) 21. júní 1934 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 11) 20. ágúst 1934 sektaður um 200 krónur fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu, öll skiptin í Reykjavík.

I.

Hinn 27. október s. l. var Ágúst Jónsson, lögregluþjónn, að bannlagagæzlu nálægt Reykjavíkurbær. Sá lögregluþjónninn þá, að ákærði stóð þar í grennd. Kom þá til ákærða maður, sem gaf sig á tal við hann, og fóru þeir síðan, maður þessi og ákærði, saman vestur í Mjóstræti, og fylgdi lögregluþjónninn á eftir þeim. Fór ákærður þar inn í port á bak við húsið nr. 8, en er hann kom þaðan út, tók lögregluþjónninn hann fastan. Snerist ákærði þá illa við, og í þeirri viðureign sem af því hlaut, datt flaska úr vasa ákærða í götuna svo hún brotnaði. Telur lögregluþjónninn, að heimabruggað áfengi hafi verið á flöskunni, með því að sterka brugglykt lagði þar upp, er flaskan brotnaði. Leitaði Ágúst síðan ásamt Sigurði Thorarensen, lögregluþjóni, í porti því, er ákærði hafði farið inn í, og fannst þar háflaska með heimabrugguðu áfengi, og sá Sigurður Thorarensen þá einnig brotin úr framangreindri flösku. Ákærði hefir neitað því, að hann hafi

haft nokkra flösku meðferðis, er Ágúst Jónsson tók hann fastan, en í réttarhaldi 31. október s. l. lætur hann orð falla á þá leið, að sér hefði staðið á sama, þótt hann hefði sæzt á að greiða 200 króna sekt, ef hann hefði ekki verið settur í gæzluvarðshald. Það verður nú hinsvegar að telja það sannað með framburði Ágústs Jónssonar, lög-regluþjóns, að ákærði hafi haft flösku meðferðis, er hann var tekinn fastur. Að ákærði neitar þeirri staðreynd, að hafa haft flösku meðferðis, bendir til þess, að innihald hennar hafi verið ólöglegt, og þykir þetta í sambandi við framburð Ágúst Jónssonar um að brugglykt hafi lagt upp, þar sem flaskan brotnaði og það, að ákærði kveðst með vissum skilyrðum mundi hafa verið fús til þess að undirgangast refsingu, nægjanlega sanna það, að ólöglegt áfengi hafi verið á flöskunni, sem ákærði samkvæmt framangreindu hafði meðferðis. Samkvæmt lögjöfnuði frá 13. gr. 2. mgr. áfengislaganna er ákærði því brotlegur gegn 1. gr., sbr. 27. gr. sömu laga, og með því að eigi verður talið, að ákærði hafi ætlað umrætt áfengi til sölu, þá ber að tiltaka refsinguna eftir 27. gr. 2. tölulið.

Þá hefir Guðmundur Valdimar Tómasson í annan stað borið það, að ákærði hafi selt sér áfengi, en ákærði hefir neitað því með öllu. Þar sem þessi framburður Guðmundar er eigi studdur af öðrum gögnum, þá verður ákærði gegn neitun sinni eigi sakfelldur samkvæmt honum.

II.

Ákærði hefir verið krafinn um það, að gera grein fyrir afkomu sinni og framfæri undanfarið. Hefir ákærði skýrt svo frá, að síðan haustið 1933 hafi hann verið atvinnulaus með öllu. Er hann af lögreglunni fyrst yfirheyrður um þetta efni 18. ágúst 1934. Kveðst ákærði þá til þess tíma hafa lifað á 700 krónum í peningum, sem hann hefði átt frá því árið 1930—1931 og kveðst hann þá eiga eftir 15 krónur af þessari upphæð, og síðan kveðst hann ekki hafa unnið sér inn annað en 29 krónur, meðan hann dvaldi á vinnuhælinu. Aðrar tekjur kveðst ákærði ekki hafa haft utan hvað hann hafi slegið menn fyrir máltíðum, þetta um eina krónu í einu. Ákærða hefir á engan hátt tekizt að gera grein fyrir á hvern hátt hann hafi aflað fyrrgreindra kr. 700.00 og engan getað tilgreint, er hafi

lánað honum peninga fyrir máltíðum samkvæmt framan-
greindu.

Ákærði telur sig hafa greitt húsaleigu bæði á Hjálpræð-
ishernum og Hotel Heklu og keypt sér máltíðir hingað og
þangað. Hann kveðst og hafa keypt áfengi, bæði spánar-
vín og annað og hefir verið óregla á honum, eins og hegn-
ingarvottorð hér að framan ber með sér.

Tveir af lögregluþjónum bæjarins hafa gefið skýrslu
um ákærða, sem lögð er fram undir rannsókn málsins.
Segir í þessari skýrslu, sem er dagsett 14. nóv. s. l. að
ákærði hafi á annað ár undanfarið enga atvinnu haft, að
hann hafi verið talinn sá óreglu- og drykkjumaður, að
ólíklegt verði að teljast, að hann hafi lagt peninga fyrir,
þótt hann fyrr meir hafi tíma og tíma haft sæmilega at-
vinnu, að hann síðustu 12—14 mánuðina hafi verið stöð-
ugur gestur á Reykjavíkurbær bæði á daginn og kvöldin,
en að lögreglan hafi ekki veitt því eftirtekt, að hann gerði
neitt að því, að snikja þar, hvorki peninga né annað.

Það verður ekki talið að ákærða hafi tekizt að gera
grein fyrir því, af hverju hann hafi undanfarið haft fram-
færzlu sína, og er hann því brotlegur við 10. gr. laga nr.
51, 1928.

Fyrir áfengislagabrotið þykir refsing ákærða, sem sat
í gæzluvarðhaldi frá 28. október-31. október og 26. nóvem-
ber—7. dezember s. l. hæfilega ákveðin 500 króna sekt
til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu
dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar einfalt fang-
elsi í 30 daga, og fyrir brot hans gegn l. nr. 51, 1928 þykir
refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal
varðhaldskostnað sinn.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.